

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holrásalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt á bundið slitlag og/eða gangstétt skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færirst í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.9%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0.6%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	0.6%

Af kjöllum (jarðhæðum) og rishæðum sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðagæmslum skal greiða hálf gjald. Gjald skal miða við brúttórúmmál húss, samkvæmt samþykktum upprætti. Rúmmál skal reikna samkvæmt ÍST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bíl-gæmslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m ³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m ³ hver íbúð

Fyrir hvern m³ umfram lágmarksstærð skal greiða 30% meira en að framan getur.

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ.e. ef samþykkt deiliskipulags kveður ekki á um nýtingarhlutfallið. Meðalhæð skal reikna 3.5 m. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það, sem segir í 4. gr., til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúm-metra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.25%
Tvibýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.80%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1.35%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0.90%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.25%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.90%

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

7. gr.

Ef lóðarhafi hefur ekki innt af hendi greiðslu A-gjalds innan 3ja mánaða frá því að bæjarstjórn samþykkir úthlutunina eða hafið framkvæmdir innan 1 árs frá úthlutun getur bæjarráð auglýst lóðina aftur lausa til umsóknar án undan-genginnar viðvörunar.

8. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 5. gr. miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig: 20% greiðist þegar lagn-ingu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborg-unum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Lánskjör skulu vera þau sömu og gilda hjá Byggðasjóði hverju sinni. (Vextir og verðbótapáttur).

Lokagreiðsla skal þó ekki innheimt fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldenda.

10. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endur-greiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðar-gjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram. Af endurgreiddu gatnagerðargjaldi greiðast sparisjóðsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Bæjarráð fer með ágreiningsmál er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 frá 11. nóvember 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. maí 1982.

Nr. 427.

AUGLÝSING

um fólkvang í Óslandi.

Að tillögu hreppsnefndar Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa vesturhluta Óslands í Hafnarkauptúni fólkvang samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Mörk fólkvangsins eru þessi:

Að austan bein lína sem dregin er þvert ofan við Útsýnishól í 70 metra fjarlægð frá rótum og samsíða austurhlið hans í sjó fram í báðar áttir. Að sunnan og norðan strandlengjan, fjörur og leirur niður með Óslandinu að tangaodda. Að vestan ystu mörk Óslandstanga er gengur í sjó fram, þ. e. í straumál er liggur úr Hornafirði til Óss.

Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:

1. Gangandi fólk er heimil för um fólkvanginn. Umferð ökutækja er þar aðeins heimil á vegi að útsýnisstað og bátalægi, en hvergi þess utan.
2. Öllum er skylt að ganga vel um fólkvangslandið. Varast ber að spilla gróðri og valda óþarfa truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum. Bönnuð er meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra samkvæmt ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
3. Uppsátur báta verður áfram við steinbryggju og í næsta nágrenni norðaustan megin. Stjórn fólkvangsins getur, ef nauðsyn krefur, ákveðið hámarksfjölda báta er þar hafa aðstöðu. Skýli og geymslur og annað, sem slíkom umsvifum fylgir, skal byggt eftir skipulagi sem stjórn fólkvangsins lætur gera. Smábátaeigendum er skylt að fara að fyrirmælum um umgengni, ella teljast þeir hafa fyrirgert rétti sínum og má þá vísa þeim af svæðinu með útgerð sína.
4. Bannað er að beita búpeningi á fólkvangslandið.
5. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt innan fólksvangsins nema það sem er tiltekið í 3. gr.
6. Stjórn fólkvangsins skal m. a. gangast fyrir því að bætt verði úr spjöllum sem þar hafa verið unnin. Stjórninni er og heimilt að láta fjarlægja mannvirki sem eru á svæðinu og hún telur til lýta. Ennfremur að merkja og lagfæra gangstíga og setja upp girðingar til verndar svæðinu.